

(Siðareglur IOC og aðrir textar 2016)

Reglur Ólympíuhreyfingarinnar um varnir gegn hagræðingu íþróttakeppna

FORMÁLSORÐ

- a) Öll íþróttasambönd og þá einkum Alþjóðaólympíunefndin, öll alþjóðasambönd, Ólympíunefndir landa og meðlimir þeirra í meginlands-, svæða- og landssamböndum og IOC viðurkenndum samböndum (nefnast hér eftir “Íþróttasambönd”) viðurkenna þá hættu sem heilindum íþróttastafar af hagræðingu íþróttakeppna (manipulation of sports competitions) og ítreka skuldbindingu sína að verja heilindi íþróttastafa, þar á meðal vernd hreinna íþróttamanna og íþróttakeppna, eins og fram kemur í Aðgerðaáætlun Ólympíunefndarinnar 2020;
- b) Vegna flókans eðlis þessarar ógnar gera íþróttasamböndin sér grein fyrir að þau geta ekki ein tekist á við þessa ógn og því er samvinna við opinbera aðila, einkum lögreglu og veðmálafyrirtæki mikilvæg;
- c) Tilgangur þessara reglna er að veita öllum íþróttasamböndum og meðlimum þeirra samræmdar reglur til að vernda allar keppnir fyrir hættu af hagræðingu. Þessar reglur staðfesta reglur sem eru í samræmi við ályktun Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum¹, einkum 7. grein. Þetta kemur ekki í veg fyrir að íþróttasambönd setji strangari reglur;
- d) Innan ramma lögsögu sinnar eins og regla 2.8 í Ólympíusáttmálanum kveður á um, setur Alþjóðaólympíunefndin núgildandi siðareglur Ólympíuhreyfingarinnar um varnir gegn hagræðingu í íþróttum, sem nefnast hér eftir reglurnar;
- e) Íþróttasambönd sem bundin eru af Ólympíusáttmálanum og siðareglum IOC skuldbinda sig til að styðja heilindi íþróttastafa og berjast gegn hagræðingu keppna með því að fylgja þeim viðmiðum sem fram koma í þessum reglum og krefjast þess að meðlimir þeirra fari að dæmi þeirra. Íþróttasambönd eru skuldbundin til að gera allar viðeigandi ráðstafanir á valdi þeirra til að innleiða þessar reglur með tilvísun eða með því að setja reglur sem eru samsvarandi þessum eða strangari.

1 Ályktun Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í keppnum er opin fyrir undirritunaraðila

1. grein

Skilgreiningar ²

1.1 „Hagur“ merkir beina eða óbeina móttöku eða veitingu fjár eða fjárigildi, svo sem en takmarkast ekki við mútur, ágóða, gjafir og önnur fríðindi, þar á meðal en takmarkast ekki við vinninga og/eða mögulega vinninga vegna veðmáls; framangreint skal ekki ná til opinbers verðlaunafjár, þátttökupóknana eða greiðslna samkvæmt styrktarsamningi eða öðrum

samningum;

1.2 „Keppni“ merkir sérhverja íþróttakeppni, mót, leik eða viðburð, sem skipulagður er samkvæmt reglu íþróttasambands eða dóttursambands þess, eða samkvæmt reglum annars bærs íþróttasambands, þar sem það á við;

1.3 „Innherjaupplýsingar“ merkja upplýsingar tengdar keppni sem einstaklingur býr yfir vegna stöðu sinnar í tengslum við íþrótt eða keppni, að undanskildum birtum upplýsingum eða almennri þekkingu sem er aðgengileg áhugafólki eða upplýstar samkvæmt reglum viðkomandi keppni;

1.4 „Þátttakandi“ merkir persónu eða einstakling sem tilheyrir einum af eftirfarandi flokkum:

- a) „Íþróttamaður“ merkir einstakling eða hóp einstaklinga sem tekur þátt í íþróttakeppnum;
- b) „Aðstoðarfólk íþróttamanns“ merkir þjálfara, æfingastjóra, stjórnanda, umboðsaðila, aðstoðarfólk liðs, starfsmann liðs, lækni eða sjúkraþjálfara sem vinnur með eða meðhöndlar íþróttamenn sem taka þátt í eða búa sig undir íþróttakeppni og alla aðra aðila sem vinna með íþróttamönnum;

2 Þar sem skilgreiningar koma fram í ályktun Evrópuráðsins um hagræðingu úrslita í íþróttakeppnum eru þær notaðar í þessum reglum til að lágmarka hættu á rangtúlkun.

c. „Starfsmaður“ merkir hvern þann sem er eigandi, hluthafi, framkvæmdastjóri eða starfsmaður aðila sem skipuleggja og/eða kynna íþróttakeppni, sem og dómara, dómnefndarmenn og alla aðra skráðaaðila. Hugtakið nær einnig yfir framkvæmdastjóra og starfsmenn íþróttasambands eða annars bærs íþróttasambands eða félags sem viðurkennir keppnina, þar sem það á við.

1.5 „Íþróttaveðmál, veðmál eða veðmálastarfsemi“ merkir hvers konar veðmál með fjárhagslegu gildi með væntingu um verðlaun sem hafa fjárhagslegt gildi, sem háð er síðari og óvissum viðburðum sem tengjast íþróttakeppni.

2. grein

Brot

Eftirfarandi atferli samkvæmt skilgreiningu þessarar greinar telst brot á þessum reglum:

2.1 Veðmál

Veðmál í tengslum við:

- a) keppni þar sem þátttakandi tekur beinan þátt; eða
- b) íþrótt þátttakanda; eða
- c) einhverja grein fjölgreinakeppni þar sem hann/hún er þátttakandi.

2.2 Hagræðing íþróttakeppna

Meðvitað fyrirkomulag, aðgerð eða aðgerðaleyfi í þeim tilgangi að breyta úrslitum eða gangi íþróttakeppni með ranglegum hætti til að fjarlægja að öllu leyti eða að hluta hið ófyrirsjáanlega eðli íþróttakeppninnar til að ná fram óréttmætum hagnaði í eigin þágu eða annarra.

2.3 Spillt framkoma

Veita, óska eftir, fá, leita eftir eða þiggja hag sem tengist hagræðingu keppni eða öðru formi spillingar.

2.4 Innherjaupplýsingar

1. Notkun innherjaupplýsinga fyrir veðmál, hagræðingu á íþróttakeppnum eða í öðrum spilltum tilgangi, hvort sem það er af hálfu þátttakanda eða gegnum annan einstakling og/eða aðila.

2. Veita öðrum einstaklingi og/eða aðila innherjaupplýsingar, með eða án hagnaðar, þar sem þátttakandi vissi eða hefði átt að vita að slík veiting gæti leitt til þess að upplýsingarnar yrðu notaðar fyrir veðmál, hagræðingu á keppnum eða í öðrum spilltum tilgangi.

3. Veita og/eða þiggja umbun fyrir veitingu innherjaupplýsinga án tillits til þess hvort innherjaupplýsingar eru í raun veittar.

2.5 Vanefndir á tilkynningu

1. Vanefndir á tilkynningu til viðkomandi íþróttasambands eða til viðkomandi yfirvalds eða upplýsingakerfis, við fyrsta tækifæri, með ítarlegum upplýsingum um tilraunir eða boð sem þátttakandi hefur fengið um að taka þátt í atferli eða viðburðum sem gætu jafnast á við brot á þessum reglum.

2. Vanefndir á tilkynningu til viðkomandi íþróttasambands eða til viðkomandi yfirvalds eða upplýsingakerfis, við fyrsta tækifæri, með ítarlegum upplýsingum um tilraunir eða boð sem þátttakandi verður kunnugt um (eða sem þeim hefði átt að vera kunnugt um) þar á meðal árálgun eða boð sem annar þátttakandi hefur fengið um að taka þátt í atferli eða viðburðum sem gætu jafnast á við brot á þessum reglum.

2.6 Skortur á samvinnu

1. Að starfa ekki með rannsókn á vegum íþróttasambands í tengslum við mögulegt brot á þessum reglum, þar á meðal en án takmarkana að láta hjá líða að veita nákvæmar, ítarlegar og tafarlausar upplýsingar og/eða gögn og/eða aðgang eða aðstoð sem þar til bært íþróttasamband óskar eftir sem hluta af slíkri rannsókn.

2. Hindrun eða töf á rannsókn á vegum íþróttasambands í tengslum við mögulegt brot á þessum reglum, þar á meðal en takmarkast ekki við að leynd, breyta eða eyðileggja gögn eða aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir rannsóknina.

2.7 Beiting á greinum 2.1 til 2.6

1. Til að ákvarða hvort brot hafi verið framið, skiptir eftirfarandi ekki máli:

- a) Hvort þátttakandi tekur þátt í viðkomandi keppni;
- b) Úrslit keppinnar sem veðjað var á eða fyrirhugað var að veðja á;
- c) Hvort einhver hagnaður eða greiðsla var veitt eða mótttekin;
- d) Eðli eða útkoma veðmálsins;
- e) Hvort viðkomandi aðgerðir eða vanefndir höfðu áhrif (eða mátti vænta að hefðu áhrif) á frammistöðu eða árangur þátttakanda í viðkomandi keppni;
- f) Hvort viðkomandi aðgerðir eða vanefndir höfðu áhrif á úrslit viðkomandi keppni (eða vænta mátti að hefðu áhrif);
- g) Hvort hagræðingin fól í sér brot á tæknireglu viðkomandi íþróttasambands;
- h) Hvort í keppninni var hæfur fulltrúi íþróttasambandsins á landsvísu eða alþjóðavísu.

2. Öll aðstoð, stuðningur eða tilraun þátttakanda sem gæti leitt til brots á þessum reglum, skal meðhöndluð eins og brot hafi verið framið, án tillits til þess hvort slíkt atferli leiddi til brots og/eða hvort brot var af yfirlögðu ráði eða ógætni.

3. grein

Viðurlög

Efni þessarar greinar eru lágmarksviðmið sem öll íþróttasambönd skulu virða.

3.1 Rannsókn

1. Skylt er að upplýsa þátttakanda sem talið er að hafi brotið þessar reglur um meint brot, lýsingu á meintum aðgerðum og/eða vanefndum og um möguleg viðurlög.

2. Að beiðni þar til bærs íþróttasambands ber viðkomandi þátttakanda að veita allar upplýsingar sem sambandið telur skipta máli fyrir rannsókn á meintu broti, þar á meðal skrár sem tengjast meintu broti (svo sem númer og upplýsingar um veðmálareikning, sundurliðaða símareikninga, netþjónustuskrár, tölvur, harðdiska og aðrar geymslur fyrir rafrænar upplýsingar) og/eða yfirlýsingu með staðreyndum og aðstæðum varðandi meint brot.

3.2 Réttindi viðkomandi einstaklings

Í öllu verklagi varðandi brot á núgildandi reglum ber að virða eftirfarandi réttindi:

1. Rétturinn að fá upplýsingar um ákærurnar; og
2. Réttur á sanngjörnum, tímanlegum og hlutlausum vitnisburði, annað hvort fyrir bæru íþróttasambandi og/eða með skriflegri vörn.
3. Réttur á fylgd og/eða málsvara.

3.3 Sönnunarbyrgð og viðmið

Íþróttasambandinu ber að staðfesta að brot hafi verið framið. Sönnunarbyrðin í öllum málum samkvæmt þessum reglum skal vera á vegnum líkum, viðmið sem felur í sér að við mat á gögnum sé líklegra en ekki að brot á þessum reglum hafi átt sér stað.

3.4 Trúnaður

Íþróttasambandinu ber að virða ítrasta trúnað við þetta verklag og upplýsingar skulu aðeins veittar þeim sem þurfa á þeim að halda. Öllum viðkomandi aðilum ber einnig að virða trúnað þar til opinberlega verður greint frá málinu.

3.5 Nafnleynd upplýsingaveitanda

Þjóða skal upp á leiðir til að fólk geti undir nafnleynd komið upplýsingum á framfæri. (enski textinn hljóðar svo: Anonymous reporting must be facilitated.)

3.6 Áfrýjun

1. Íþróttasambandið skal hafa viðeigandi áfrýjunarramma innan sambandsins eða málskotsrétt til ytra gerðardómsferlis (svo sem gerðardóm).

2. Almennar verklagsreglur varðandi áfrýjun skulu meðal annars innihalda ákvæði eins og tímamörk fyrir framlagningu áfrýjunar og tilkynningaferli fyrir áfrýjun.

4. grein

Bráðabirgðaúrræði

4.1. Íþróttasambandinu er heimilt að beita bráðabirgðaúrræðum, þar á meðal bráðabirgðabrottvísun, gagnvart þátttakanda þar sem orðstír íþróttarinnar er í sérstakri hættu, en um leið tryggja að greinar 3.1 til 3.4 í þessum reglum séu virtar.

4.2 Þar sem bráðabirgðaúrræði er beitt skal mið af þeim tekið við ákvörðun refsingar sem kann að verða endanlega ákveðin.

5. grein

Refsingar

5.1 Þar sem úrskurðað er að brot hafi verið framið, ber þar til bæru íþróttasambandi að beita þátttakanda refsingu, allt frá lágmarksviðvörðun að lífstíðarbanni.

5.2 Við ákvörðun á viðurlögum skal íþróttasambandi taka tillit til allra refsiaukandi og mildandi aðstæðna og tilgreina áhrif slíkra aðstæðna á endanleg viðurlög í skriflegum úrskurði.

5.3 Umtalsverð aðstoð sem þátttakandi veitir og leiðir til uppgötvunar eða staðfestingar á broti annars þátttakanda getur minnkað beitt viðurlög samkvæmt þessum reglum.

6. grein

Gagnkvæm viðurkenning

6.1 Með fyrirvara um áfrýjunarrétt, ber öllum íþróttasamböndum að viðurkenna og virða alla úrskurði íþróttasambands samkvæmt þessum reglum.

6.2 Öll íþróttasambönd skulu viðurkenna og virða úrskurð(i) annars íþróttaráðs eða dómstóls í bæru lögsagnarumdæmi sem er ekki íþróttasamband samkvæmt skilgreiningu þessara reglna

7. grein

Framkvæmd

7.1 Samkvæmt reglu 1.4 í Ólympíusáttmálanum samþykkja öll íþróttasambönd sem bundin eru af Ólympíusáttmálanum að virða þessar reglur.³

7.2 Þessi íþróttasambönd bera ábyrgð á framkvæmd núverandi reglna innan lögsagnarumdæmis síns, þar á meðal á fræðslu.

7.3 Allar breytingar á þessum reglum þurfa samþykki framkvæmdastjórnar IOC að undangengnu samráðsferli og öll íþróttasambönd verða upplýst um það.⁴

3 Framkvæmdastjórn IOC samþykkti þessar reglur 8. desember 2015

4 Hafið samband við Siðanefnd IOC (IOC Ethics and Compliance) varðandi allar upplýsingar um þessar reglur.